

Nd.

51. Frumvarp til laga

[48. mál]

um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Ríkissjóði og stofnunum, er greinir í A-hluta ríkisreiknings, sbr. 6. gr. laga nr. 52/1966, er óheimilt að taka lán eða stofna til skulda erlendis nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum. Ennfremur er ríkissjóði og framangreindum stofnunum óheimilt að taka innlend lán eða stofna til skulda innanlands nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum eða fjárlögum. Heimilt er þó að stofna til skulda í tengslum við kaup á fasteignum, enda séu fasteignakaupin samþykkt af fjármálaráðuneytinu.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið annast allar lántökur ríkissjóðs og stofnana, er greinir í A-hluta ríkisreiknings.

3. gr.

Ríkisfyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, sem getur í B-hluta ríkisreiknings, er óheimilt að stofna til skulda, taka lán eða taka ábyrgð á skuld eða láni nema til þess sé heimild í sérstökum lögum eða fjárlögum eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Slíkar heimildir þarf til samninga um yfirdrátt á viðskiptareikningi í bönkum, sölu á víxlum samþykktum af fyrirtækinu eða sjóðnum, svo og til sölu eða veðsetningar á verðbréfum útgefnum af fyrirtækinu eða sjóðnum.

4. gr.

Aðilar, sem um ræðir í 3. gr. og hafa lántökuheimildir samkvæmt sérstökum lögum, skulu eigi síðar en 1. nóvember ár hvert gera viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu grein fyrir áformuðum lántökum á næsta fjárlagaári. Ráðuneyti það, er með mál fyrirtækisins eða sjóðs fer, og fjármálaráðuneytið geta breytt slíkri lántökuáætlun. Að athugun lokinni skulu nefnd ráðuneyti staðfesta áætlunina, og er fyrirtæki eða sjóði óheimilt að taka lán umfram það, er hin staðfesta áætlun gerir ráð fyrir, nema til komi sérstakt samþykki þeirra aðila, er staðfestu áætlunina.

5. gr.

Aðilum þeim, er um ræðir í 1. og 3. gr., er heimilt að eiga viðskipti innanlands án staðgreiðslu til viðsemjanda, enda sé jafnan um það samið, hvenær greiða skuli fyrir þau viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um slík viðskipti.

6. gr.

Brjótí starfsmaður ríkisins gegn lögum þessum fer um mál hans skv. III. kafla laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skv. ákvæðum 40. gr. stjórnarskrárinnar má ekki taka lán, er skuldbindi ríkið, nema samkvæmt lagaheimild. Í samræmi við ákvæði þessi hefur yfirleitt verið leit að fjárlagaheimildar til töku fjárfestingarlána innanlands, en hins vegar sérstakrar lagaheimildar til lántöku erlendis. Þó hafa fasteignakaup ríkisins iðulega verið þannig gerð, að ríkissjóður hefur tekið við áhvílandi lánnum, án þess að til slíks væri bein heimild í lögum.

Um nokkurra ára skeið hefur þeirri reglu verið fylgt, að fjármálaráðuneytið tæki öll lán vegna ríkissjóðs og stofnana, sem getið er í A-hluta ríkisreiknings. Eigi að síður hafa stofnanir þessar átt viðskipti án staðgreiðslu til viðsemjanda, þótt eigi kæmi til sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins eða beinar lagaheimildir. Hér hefur yfirleitt verið um minni háttar viðskipti að ræða og mjög erfitt í framkvæmd að koma við annarri tilhögun um slík viðskipti en almennt eru tíðkuð.

Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign, sem greint er frá í B-hluta ríkisreiknings, hafa eigi mátt taka fjárfestingarlán nema skv. lagaheimild. Örfá þessara fyrirtækja hafa hins vegar heimildir skv. lögum til töku reksturslána. Slíkar lántökur hafa þó tíðkast og oft farið út fyrir þau mörk, sem eðlileg geta talist frá sjónarmiði þeirra ráðuneyta, sem ábyrgð bera á rekstrinum. Lántökur þessar eru með ýmsum hætti,

þó aðallega vörukaupalán og notkun yfirdráttarheimildar á viðskiptareikningum í hönkum.

Frumvarpið miðar að því að festa reglur um lántökur ríkisstofnana, er séu í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að veita meira aðhald í lántökum fyrirtækja ríkisins, svo og að tryggja, að fjármála-yfirvöld hafi jafnan vitneskju um lánamál þessara stofnana.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við 40. gr. stjórnarskrárinnar. Í greininni felst þó staðfesting á þeirri venju, að heimilt sé að stofna til skulda í tengslum við kaup á fasteignum, en bein lagaheimild til yfirtöku ríkisins á veðskuldum, er hvíla á fasteign, hafi ekki verið fyrir hendi.

Um 2. gr.

Greinin staðfestir þær reglur, sem gilt hafa, að fjármálaráðuneytið annist um lántökur ríkissjóðs og stofnana, er greinir í A-hluta ríkisreiknings.

Um 3. gr.

Lagaheimild eða sameiginleg samþykkt ráðuneytis, er stofnunin heyrir undir, og fjármálaráðuneytis þarf til að fyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings geti stofnað til fjárskuldbindinga, svo sem nánar er greint frá í greininni.

Frankvæmd ákvæða greinar þessarar er fyrirhuguð þannig, að ráðuneytin setji viðkomandi stofnunum meginreglur, sem þær starfa eftir.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt þykir, að fyrir hendi sé vitneskja um fyrirhugaðar lántökur stofnana, jafnvel þótt þær hafi sjálfstæðar lántökuheimildir skv. lögum. Telja verður eðlilegt, að ráðuneytin hafi lokaákvörðun um, hvernig lántökuheimildum þessum sé beitt. Greinin gerir ráð fyrir, að upplýsingar um lántökur séu fyrir hendi við afgreiðslu fjárlaga.

Um 5. gr.

Þrátt fyrir takmarkanir þær, sem frumvarpið setur stofnunum um lántökur, þykir nauðsynlegt, að ríkissjóður og stofnanir hans geti átt viðskipti án staðgreiðslu með líkum hætti og aðrir aðilar í þjóðfélaginu.

Um 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.